

# AÐGERÐARÁÆTLUN

BÖLL NFSU

Janúar 2016

# Forvarnir í framhaldsskólum

Fjölbrautaskóli Suðurlands er þátttakandi í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli eins og flestir framhaldsskólar landsins. Verkefnið *Heilsueflandi framhaldsskólar* (HEF) er á vegum landlæknisembættisins og eru ítarlegar upplýsingar að finna á vefsíðu landlæknis um stefnu, forvarnar og margt fleira tengt heilsueflandi framhaldsskólum ([http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12345/Heilsueflandi\\_framhaldsskoli](http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item12345/Heilsueflandi_framhaldsskoli)).

Fjölbrautaskóli Suðurlands hefur mótað sér forvarnarstefnu og er hana að finna á vefsíðu skólans. Í forvarnarstefnunni eru talin upp markmið stefnunnar og margar leiðir nefndar í þeim tilgangi að uppfylla markmið hennar (<http://fsu.is/index.php/syn-stefna-aaetlanir-og-markmidh/forvarna-og-heilsustefna>).

Ýmsar leiðir eru taldar upp á heimasíðu FSu sem miða að því að uppfylla markmið forvarnarstefnunnar. Það er í verkahring forvarnarfulltrúa skólans að halda heiðri stefnunnar á lofti og leitast við að hvetja skólann og nemendafélagið til að framfylgja henni sem best. Þær leiðir í forvarnarstefnunni sem snúa að skólaböllum eru eftirfarandi:

- *Ímynd skólaballa verði áfengis- og vímuefnalaus skemmtun og breytt þannig að á engan hátt sé hvatt þar til áfengisneyslu og hún verði ekki sjálfsagður þáttur í þessum samkomum.*
- *Forvörnum sé einkum beint að nemendum undir lögdri, 18 ára og yngri, fyrst í stað og áhersla lögð á að svipta dýrðarljómanum af áfengisneyslu og annarri vímuefnanotkun.*

Í skólareglum FSu er ein regla sem snýr sérstaklega að böllum skólans: *Óheimilt er að vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna í húsakynnum skólans, á samkomum eða í ferðum á vegum nemendafélagsins eða skólans.*

**Það er því ljóst að til þess að geta farið eftir þeirri skólareglu sem kveður á um áfengi og aðra vímuefna þurfa allir að taka höndum saman.**

# Aðgerðaráætlun fyrir böll á vegum NFSu

## Gæsla

- Dyraverðir/aðkeypt gæsla, 5.
- Starfsmenn hússins, 2.
- Björgunarsveitin, 2.
- Kennarar, 2 auk forvarnar- eða félagslífsfulltrúa.
- Nemendur úr íþróttakademíu FSu, 5 – 10.
- Foreldrarölt fyrir utan, lágmark 3.
- Lögreglan er á rúntinum.

## Verkaskipting

- **Dyraverðir** sjá um gæslu utan- og innandyra. Dyraverðir leita á nemendum og fjarlægja áfengi/vímugjafa. Dyraverðir meta það hvort nemendur séu undir áhrifum eða ekki og láta þá nemendur blása, leiki grunur á að svo sé. Ef nemandi undir 18 ára aldri er undir áhrifum áfengis er hann vistaður í sjúkrahverbergi björgunarsveitar og kennari hringir í aðstandendur sem koma og sækja nemandann. Ef nemandi eldri en 18 ára er undir áhrifum áfengis er honum er vísað frá skemmtuninni.
- **Starfsmenn** hússins eru í gæslu meðan á skemmtuninni stendur og eru allri gæslu innan handar.
- Starfsmenn frá **björgunarsveit** sinna aðhlyningu eftir þörfum.
- **Kennarar** sjá um að vera á röltinu innandyra og gera viðvart ef eitthvað kemur upp á. Einnig hringja þeir heim til þeirra nemenda sem eru undir 18 ára aldri og eru undir áhrifum áfengis og tilkynna að sækja þurfi nemandann.
- **Nemendur** eru á fyrirfram ákveðnum stöðum, 15 mínútur á hverjum stað og fara síðan á milli (wc, dansgólf, veitingasölu, röltið, uppi ...).
- **Foreldrar** eru á röltinu fyrir utan ballstað til miðnættis og taka þannig á móti nemendum. Þeir spjalla við nemendur og taka á málum ef þarf.
- **Lögreglan** sér um að vera á rúntinum af og til í nágrenni ballstaðar og fylgist með framvindu skemmtunarinnar og hefur afskipti af nemendum eftir þörfum. Kennari sem er fulltrúi félagslífs hefur verið í sambandi við lögreglu fyrir ball og er lögreglan því starfsfólki balls innan handar ef þarf.

## Frágangur

Nemendagæsla sér um að tína rusl, sópa gólf taka til á borðum og fleira. Þarf einnig að taka með óskilamuni og skreytingar ef einhverjar eru. Starfsmenn hússins fara yfir þessi mál með gæslunni.

## Trúnaður

Það sem fer fram á dansleik er trúnaðarmál og á ekki að ræða á öðrum vettvangi.

## Eftirmál

- Forvarnar- eða félagslífsfulltrúi sendir stjórnendum stutta skýrslu um ballið.
- Nemendafélagið skilar ballskýrslu til stjórnenda á fyrsta fundi eftir ball.
- Forvarnar- og félagslífsfulltrúi taka á málum sem upp hafa komið á ballinu ef einhver eru.
  - Ef nemandi yngri en 18 ára er undir áhrifum áfengis eru eftirmálin þessi:
    - Samtal við forvarnar- og félagslífsfulltrúa ásamt foreldri/forráðamanni.
    - Ef nemandi verður uppvís að endurtekinni drykkju á skólaballi er hann settur í ballbann. Lengd þess er ákveðin af forvarnar- og félagslífsfulltrúa.
  - Er nemandi eldri en 18 ára er undir áhrifum áfengis eru eftirmálin þessi:
    - Samtal við viðkomandi forvarnar- og félagslífsfulltrúa.
    - Ef nemandi verður uppvís að endurtekinni drykkju á skólaballi er hann settur í ballbann á komandi ball.

***Allir leggja sitt af mörkum til að böllin fari vel fram, séu skemmtileg og eftirmál sem minnst!***

***Nemendur FSu eru til fyrirmyndar!***